

Dægrastytting

Austantóru.

Jón Pálsson, fyrrverandi aðalféhirðir, er einn þeirra manna, sem ópreytandi hefir verið í því að safna þjóðlegum fróðleik, skrá allskonar efni af því tagi og bjarga því þannig frá glötun. Á sinni löngu og starfsríku ævi hefir því safnast hjá honum geysimikið af handritum. Hefir nú Vikingsútgáfan tekið að sér að gefa út eitthvað af safni þessu, en Guðni Jónsson magister að búa það undir prentun. Fyrsta heftið er komið út.

Jón Pálsson er fæddur 3. ágúst 1865 að Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi. Eystra stundaði hann störf til sjávar og sveita, var verzlunarmaður í mörg ár og organisti og kennari, en fluttist um aldamótin til Reykjavíkur og hefir þar gegnt mörgum trúnaðarstörfum. Guðni Jónsson segir í formála m. a. um safn hans: . . . Handrit hans eru nú orðin geysimikil að vöxtum og um harla sundurleit efni. En magn þeirra og megin eru þó hin þjóðlegu fræði. Þar sitja í fyrirrúmi þættir af merkum eða einkennilegum mönnum, frásagnir af ýmsum sögulegum atburðum, vinnubrögðum til lands og sjávar og sveita, ýmisskonar þjóðhátum og þjóðtrú og alþýðlegum reynsluvísindum. Þar er og allmargt þjóðsagna, sem eigi eru til annars

Frans. annasvega
les. 14.

13

staðar. Skritlur af ýmsu tagi skipta þúsundum. Yfirleitt er safn þetta svo auðugt, að ekki sér högg á vatni, þótt af sé numið eitt hefti sem þetta er . . .”.

Þetta hefti hefst á þætti um Brand Magnússon í Roðgúl og niðja hans. Næsti þáttur er um Kolbein Jónsson í Ranakoti og fylgja honum athugasemdir eftir G. J. Síðan er all-langur kafli um Þorleif Kolbeinsson á Stóru-Háeyri. Þar eru og nokkrar sagnir um Þorleif, skrásettar af Árna Pálssyni prófessor. Þá eru „Veðurmerki og veðurspár í Árnessýslu“ og svo eftirmáli höfundarins. Er þetta allt hinn skemmtilegasti fróðleikur og aðgengilegur almenningi.

Það er frágangssök að reyna hér að lýsa efni þessarar bókar, svo mikið er í henni sitt af hvoru tagi, en til fróðleiks skal þaðan tekin stutt mannlýsing úr einum eftirtekta-verðasta kaflanum: „ . . . Þorleifur á Háeyri var, sem áður segir, smár vexti, en gildur á velli, munnviður, með mikið hár á höfði og skegg á vöngum, hátt enni og söðulbakað nef. Augun voru gáfuleg mjög og mild, hýrleg og skýr, enda var hann spekingur að viti. Hann var óvenjulega mikill framfara- og hugsjónamaður á sinni tíð. Skáldmæltur var hann vel sem bræður hans sumir, en hann varaðist að láta neinn nema það, sem hann orti, fóraðeinseinu sinni með hvert kvæði eða visu. Margt af því var alvarlegs efnis, til áminningar eða viðvörðunar, en fleira þó spaugl blandið um menn og mál-efni liðandi stundar, en yfirleitt var það allt

9. VIKAN, 12. apríl 1945.
Dægrastytting. Austantóru.
Höfundar ekki getið.

aðeins að skapa einhvern mesta auð hér á landi um sína daga, heldur og að skapa sjálfum sér sterkan og heilsteypnan persónuleika, sem hóf sig að andlegum þroska og lífsvizku hátt yfir alla meðalmennsku og smámunasemi síns daglega umhverfis.“

Um viðskipti þeirra feðganna, Þorleifs og Kolbeins á Kalastöðum, er sögð eftirfarandi saga í þættinum um hinn síðarnefnda:

„Þegar Kolbeinn var á Kalastöðum, átti hann einn fágætan grip, sem honum þótti vænt um. Það var flaska ein, er af sjó hafði rekið, áttstrend að lögun og tók rúman pott. Hún var græn að lit með glertappa, fódruðum korki, og var hann skrúfaður í flöskustútinn. Flösku þessa var Kolbeinn vanur að senda Þorleifi, syni sínum, nokkrum sinnum á ári og fekk hana aftur fulla af brennivíni, sem hann dreypti í við og við eða lét út í kaffið sitt á morgnana á helgidögum og hátíðum. En einu sinni kom flaskan tóm aftur frá Þorleifi. Kolbein setti hljóðan við og sendi ekki flöskuna síðan.

Þegar Kolbeinn var dáinn, fannst flaskan í dóti hans, og lenti hún hjá Þorleifi. Daginn, sem Kolbeinn var grafinn, vildi Þorleifur gæða líkmönnum á brennivíni og þótti þá vel við eiga að skenkja þeim úr hinni fáséðu flösku Kolbeins. Þorleifur tekur því flöskuna, fer fram í búð hjá sér, fyllir hana af brennivíni, kemur inn með hana og setur hana hægt á borðið, sem líkmennirnir sátu við. En í sömu svifum klofnar flaskan að endilöngu, svo að enginn dropi var eftir í henni, en vínið flóði út um gólfið. Þorleifi brá svo við, að hann hvítnaði í framan, stóð þegjandi um stund og horfði til skiptis á flöskuna og vínflóðið á gólfinu. Loks sagði hann eins og við sjálfan sig, en þó svo hátt, að líkmenn heyru:

„Svona var að senda flöskuna tóma!“

Elgi vissu líkmennirnir fyrr en síðar, hvað Þorleifur átti við með þessum orðum. En síðan er þetta haft að orðtaki eystra, þegar einhver þykist ósvinnur orðinn eða sér ekki fyrr en um seinan, hvað honum bar að gera.“